

Gos i Heklu

og þar í grend.

Það eru liðin 35 ár síðan gaus á þessu svæði, þar sem nú er öldur uppi, og varð ekkert tjón af því gosi. Séra Hannes Stephensen og Halldór Jónasson í Næfurholti fóru að skoða eldstöðvarnar; var það hættuferð; ferðasöguna má lesa í jarðeldariti Markúsar Loptssonar.

Hérumbil 32 $\frac{1}{2}$ ári áður hafði Hekla sjálf gosið (1845); 35 árum áður, 1810, 24. okt., var jarðskjálfti á svæðinu fyrir austan Heklu; þykir mér ekki ólíklegt, að þessi jarðskjálfti hafi verið gosumleitun, þó að ekki yrði meira úr. Hitinn hefir verið kominn langt áleiðis upp að yfirborði, og loftefnið (mest vatnsloft) í eldleðjuuni hefir snögglega þanist út, af nógu miklum krafti til að hræring yrði af, en of litlum til að sprengja burt fyrirstöðuna og hefja gos. Það hefir verið líkt eins og kippirnir við Geysi, sem ekkert gos kemur á eftir. Ef til vill má finna ástæðuna til þess, að ekkert varð af gosi í það skifti; 1766 var Heklugos, og eins og menn sjá, gat virzt dálítil ástæða til að búast við gosi um

aldamótin 1800. En 1783 höfðu orði þessi óskapa gos sem menn hafa nefnt Skaftáreldinn, eftir þau ósköp hlaut a kólna óvenju mikið í rótum landsins og sú kæling náði einnig dálítið til rötanna undir Heklu og nágrenni hennar, nó til þess, að ekki gat orðið úr gosi um aldamótin.

Hekla gaus fyrst, svo að sögur fara af, 1104; hefir hún þá hvílt sig meir en 200 ár, ef ekki er hitt fremur, að hún hafi gosið svo, að þess sé ekki getið síðan 1104 hefir Hekla hvílt sig skems 6 ár, en lengst liðið milli gosa 79 ár Vatnafjöllin skamt suður af Heklu eru eldfjall, ennþá meira um sig en Hekla en lægri; hefir þar ekki gosið í nokkur þúsund ár. Virðist Hekla hafa tekið við af Vatnafjöllum, og ekki er ólíklegt, að nú sé hún sjálf farin að segja af sér og eldsuppráain að færa sig; en ekki ætla eg að fara að halda því fram, að Hekla geti ekki gosið enn.

27. 4.

Helgi Pjeturss.

Ingolfur 1913 566